

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/56/EB

frá 3 september 1996

um breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna(*)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skammstöfunin „EBE“ kemur fram í nokkrum ákvæðum tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (4).

Með grein G í sáttmálanum um Evrópusambandið er heitinu „Efnahagsbandalag Evrópu“ breytt í heitið „Evrópubandalagið“. Þar af leiðandi ætti skammstöfunin „EB“ að koma í stað „EBE“ í framangreindum ákvæðum.

Á hitt ber að líta að atvinnurekendur fá að jafnaði stórar vörusendingar af merkimiðum. Tilkæmt hættuleg efni, sem eru réttilega merkt með heitinu „EBE“, geta legið í vörugymslum á framleiðslustað allengi áður en til markaðssetningar kemur. Breytingin á skammstöfuninni gæti haft í för með sér umtalsverðan aukakostnað fyrir þessa atvinnurekendur. Því ætti að veita rúman aðlögunarfrest sem gerir þeim kleift að markaðssetja hættuleg efni sem hafa EBE-númer og áletrunina „EBE-merkimiði“.

Breyta ber tilskipun 67/548/EBE af þessum sökum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. tíð. EB nr. L 236, 18. 9. 1996, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/97 frá 9. desember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stj. tíð. EB nr. C 73, 13. 3. 1996, bls. 20.

(2) Álit var skilað 28. febrúar 1996 (Stj. tíð. EB nr. C 153, 28. 5. 1996, bls. 1).

1. gr.

Tilskipun 67/548/EBE er breytt sem hér segir:

- í 2. mgr. 21. gr. komi heitið „EB-númer“ í stað heitisins „EBE-númer“;
- í f-lið 2. mgr. 23. gr. komi „EB-númer“ í stað „EBE-númer“ og „EB-merkimiði“ í stað „EBE-merkimiði“.

Engu að síður skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu efna með merkimiðum, sem á stendur „EBE-númer“ og „EBE-merkimiði“, fram til 31. desember 2000.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 1996 (Stj. tíð. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 26). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1996 (Stj. tíð. EB nr. C 134, 6. 5. 1996, bls. 9) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 22. maí 1996 (Stj. tíð. EB nr. C 166, 10. 6. 1996, bls. 60).

(4) Stj. tíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/69/EB (Stj. tíð. EB nr. L 381, 31. 12. 1994, bls. 1) og aðildarlögunum frá 1994.